

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda vegna álagningar tekjuskatts á árinu 1986 á tekjur ársins 1985.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þrátt fyrir ákvæði 54. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 8/1984, þarf innlögn 50% fjárfestingarsjóðstillaga vegna rekstrarársins 1984 á bundinn reikning ekki að hafa átt sér stað fyrr en fyrir 1. júlí á árinu 1985. Innborganir á slíka reikninga í júnímánuði 1985 skulu bundnar í sex mánuði, talið frá innborgunardegi.

Meðan ákvæði laga um eignarskattsauka eru í gildi skal með hann fara á sama hátt og eignarskatt varðandi ráðstöfun ónýtt skattafláttar, sbr. 1. og 3. másl. 2. efnismgr. 3. gr. þessara laga (68. gr. laga nr. 75/1981).

Bráðabirgðaákvæði þessi skulu, þrátt fyrir ákvæði 4. gr., koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1985 á tekjur ársins 1984.

*Gjört í Reykjavík, 26. júní 1985.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Albert Guðmundsson.*

**LÖG****um sérstaka fjárflokkun vegna húsnæðismála á árunum 1985 og 1986.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Á tímabilinu 1. júlí 1985 til 31. desember 1986 skal leggja 1% húsnæðisgjald á söluskattsstofn allra þeirra aðila sem lög nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, taka til. Gilda ákvæði þeirra laga og reglugerða settra samkvæmt þeim að fullu um álagningu og innheimtu þessa gjalds, svo og um aðra framkvæmd. Gjaldið rennur óskipt í ríkissjóð og skal því ráðstafað til útlána á vegum Byggingarsjóðs ríkisins.

## 2. gr.

Eignarskattsauki skal lagður á eignarskattsstofn, sbr. lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, gjaldárin 1985 og 1986 og skal hann vera þannig:

- a. 0,25% á eignarskattsstofn manna, sbr. 80.—82. gr. laga nr. 75/1981, umfram 1600 þús. kr. gjaldárið 1985. Gjaldárið 1986 skal skattskyld mark til eignarskattsauka breytast með skattvísitölu, sbr. 121. gr. framangreindra laga. Þó skal ekki leggja eignarskattsauka á eignir manna sem eru 67 ára eða eldri.
- b. 0,25% á eignarskattsstofn lögaðila, sbr. 2. gr. laga nr. 75/1981, og þeirra aðila sem takmarkaða skattskyldu bera, sbr. 3. gr. sömu laga.

Eignarskattsauki hefur engin áhrif á eignarskattsútreikning samkvæmt 83. og 84. gr. laga nr. 75/1981. Eignarskattsaukinn rennur í ríkissjóð og skal honum ráðstafað til húsnæðismála.

3. gr.

Af tekjuafgangi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins skulu 30 millj. kr. renna til húsnæðismála árið 1985 og 60 millj. kr. árið 1986.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 24. júní 1985.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Albert Guðmundsson.*

## LÖG

### um húsnæðissparnaðarreikninga.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Innlegg manna á húsnæðissparnaðarreikninga skapa rétt til skattafsláttar er nemur fjórðungi árlegs innleggs innan þeirra marka og með þeim skilyrðum er í lögum þessum greinir, sbr. 68. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, enda beri þeir ótakmarkaða skattskyldu hér á landi samkvæmt 1. gr. þeirra laga.

2. gr.

Húsnæðissparnaðarreikninga geta þeir menn, er um ræðir í 1. gr. og náð hafa 16 ára aldri á tekjuárinu, stofnað með samningi við innlenda viðskiptabanka og sparisjóði.

Í samningnum skal kveðið á um reglubundinn sparnað allan binditíma reikningsins skv. 3. gr. Á hverju heilu tekjuári skal lágmarksfjárhæð vera 12 000 kr. en hámarksfjárhæð 120 000 kr., sbr. þó 7. gr. um breytingar skv. byggingarvísitölu. Spariféð leggist inn á reikninginn eigi sjaldnar en á hverjum ársfjórðungi almanaksársins og nemi á ársfjórðungi eigi lægri fjárhæð en 3000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 30 000 kr.

Samið skal fyrir fram til a. m. k. eins árs í senn um jöfn mánaðarleg eða ársfjórðungsleg innlegg en umsaminni fjárhæð má breyta árlega miðað við upphaf almanaksárs innan þeirra marka er getur í 2. mgr. Þó er heimilt að semja fyrir fram um lækkan á umsömdum sparnaði miðað við ársfjórðunga.

Hver maður getur aðeins átt einn húsnæðissparnaðarreikning í senn.

3. gr.

Húsnæðissparnaðarreikningar skulu bundnir til tíu ára, talið frá upphafi þess mánaðar er sparnaður hófst. Að þeim tíma liðnum er innstæða til frjálsrar ráðstöfunar reiknings-eiganda. Þeir, sem orðnir eru 67 ára eða eru 75% öryrkjar, geta þó fengið fé sitt til frjálsrar ráðstöfunar að fimm árum liðnum. Framlengja má binditíma umfram tíu ár um eitt ár í senn, þó mest um fimm ár.

Kaupi reikningseigandi íbúðarhúsnæði til eigin nota eða hefji byggingu slíks húsnæðis skal innstæðan þó laus frá þeim tíma er hann staðfestir kaupin eða bygginguna við banka eða